



Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata:

Lagt er til að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf. verði heimilað skólastarf í nýju húsnæði skólans að Skógarhlíð 6, Reykjavík og að gildistími þjónustusamnings frá 13. maí 2019 vegna 1 til 5. bekkjar, verði framlengdur til 31. desember 2022.

Einnig er lagt til að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf. verði veitt tímabundið leyfi skólaárið 2022 til 2023 til kennslu í 6. og 7. bekk og að greitt verði framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík til samræmis við framangreindan gildistíma þjónustusamnings til 31. desember 2022.

Ekki verði gerð breyting á þjónustusamningi um 150 nemenda hámarksfjölda sem heimilt er að greiða framlag vegna.

Sviðsstjóra verði falið að gera viðauka við samning aðila, dags. 13. maí 2019, sem kveður á um framangreint sem gildi til 31. desember 2022 og að heimilt sé að greiða framlag vegna allt að 150 nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Gerður er fyrirvari um að skólahúsnæði uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum og að staðfesting Menntamálastofnunar fáiist.

Greinargerð:

Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. september 2022, þar sem rakinn er ferill málsins og staða. Hér er því lagt til að skólanum verði heimilt að stunda skólastarf við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík í nýju húsnæði, að Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík. Einnig er lagt til að veitt verði tímabundið leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk skólans. Jafnframt verði framlengdur gildistími þjónustusamnings aðila, dags. 13. maí 2019, til 31. desember 2022, vegna kennslu í 1. til 5. bekk til samræmis við samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 27. júní 2022 og samþykkt borgarráðs, dags. 7. júlí 2022 um framlengdan gildistíma samninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla.